

Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara

SKÝRSLA TIL MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐHERRA

10. MARS 2016

INNGANGUR.....	2
FRAMTÍÐARSÝN	3
Menntun sem forgangsverkefni.....	3
Kennaramenntun sem starfsævilöng menntun.....	3
Aðgengilegt og skilvirkt stoðkerfi fyrir starfsþróun.....	4
Fjármál	4
Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda.....	5
Tillögur - yfirlit.....	6
UNDIRSTÖÐUR STARFSÞRÓUNAR.....	9
Lög, reglugerðir og kjarasamningar.....	9
Hlutverk, ábyrgð og skyldur.....	9
Fjármál.....	10
Hvítbók um umbætur í menntamálum.....	12
Alþjóðleg umræða um starfsþróun kennara	13
MENNTUN SEM FORGANGSVERKEFNI	13
KENNARAMENNTUN SEM STARFSÆVILÖNG MENNTUN.....	14
AÐGENGILEGT OG SKILVIRKT STOÐKERFI FYRIR STARFSÞRÓUN	15
Form og innhald starfsþróunar.....	16
Mismunandi þarfir og aðstæður.....	17
Nýliðar og leiðsagnarkennarar.....	18
Fagmennska kennara og skólastjórnenda.....	18
Endurgjöf, hvati og umbun.....	20
Háskólar, rannsóknir á skólastarfi og starfsþróun kennara	21
Upplýsingaveita um starfsþróun.....	22
LISTI YFIR FYLGISKJÖL.....	23

INNGANGUR

Undanfarna áratugi hafa orðið gagngerar breytingar á alþjóðavísu og í íslensku samfélagi sem hafa bein og óbein áhrif á skólakerfið, nám nemenda og störf kennara. Samfélagsbreytingar hafa áhrif á menningarlíf og þekkingu, menntun og uppeldi. Það má til sanns vegar færa að breytingar í íslensku samfélagi undanfarin ár hafi verið mjög hraðar og því aukast kröfur til starfsfólks skólakerfisins um að greina breytingar og takast á við nýjar aðstæður og fella starfsemi skólanna að þeim á ábyrgan hátt. Gerðar eru auknar kröfur til skóla og er þeim ætlað að sinna mörgum og fjölbreyttum hlutverkum sem sum hver voru áður á ábyrgð heimila, nærsamfélags og ýmissa stofnana. Jafnframt á skólinn að vera fyrir alla, efla þroska og færni nemenda og veita gæðamenntun í samræmi við þarfir nútímasamfélags.

Mikil umræða hefur átt sér stað undanfarin ár um þátt kennara í menntaumbótum, menntun kennara, faglega ábyrgð þeirra og starfsþróun. Kennarar eru kjölfestan í menntakerfinu. Mikilvægt er að kennarar séu leiðandi í breytingum og skólaþróun. Fjölbreytt og öflug starfsþróun kennara er grundvöllur farsællar þróunar menntakerfis og skólastarfs.

Starfsþróun kennara hér á landi hefur breyst mikið undanfarna áratugi. Margt hefur þar áhrif og má meðal annars benda á umtalsverðar kerfisbreytingar svo sem flutning grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga, annars konar flæði fjármuna til starfsþróunar, meira framboð fræðslu og námskeiða úr ýmsum áttum, breytingar á grunnmenntun kennara og breytingar á fyrirkomulagi þátttöku háskóla í starfsþróun kennara.

Hraðar samfélagsbreytingar kalla á stöðuga starfsþróun kennara og skólaþróun. Kennarar og skólar þurfa að hafa sem bestar aðstæður og tækifæri til starfsþróunar til að aðlaga breytingar að starfi og starfsháttum. Þörf fyrir heildstæða stefnu til lengri tíma í starfsþróunarmálum kennara og skóla er brýn. Í stefnu felst áætlanagerð og markmiðssetning um að efla hæfni kennarastéttarinnar, styrkja fjárhagslegar stoðir starfsþróunar og gera hana aðgengilegri.

Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara var stofnað með skipunarbréfi mennta- og menningarmálaráðherra 27. febrúar 2013. Ráðið er samstarfsvettvangur ráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands og þriggja háskóla sem mennta kennara; Háskólans á Akureyri, Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands. Skipun ráðsins byggir á samstarfssamningi fyrrnefndra aðila frá 30. júní 2011 og tillögum í lokaskýrslu *samstarfsnefndar um símenntun kennara* frá 15. október 2012 (sjá: <http://starfsthrounkennara.is/wp-content/uploads/2014/02/lokaskyrslalokin.pdf>)

Á starfstímanum hefur fagráðið fundað alls þrettán sinnum og stýrihópur 41 sinni. Fundargerðir og minnispunkta frá þessum fundum má finna á slóðinni: <http://starfsthrounkennara.is/fundargerdir/>

Rétt er að geta þess að ein af tillögum fagráðsins er að leggja til að starf þess verði fest í sessi (sjá bls. 5). Mikilsvægt er að slíkur samráðs- og samstarfsvettvangur sé fyrir hendi og hefur hann þegar þótt sanna gildi sitt. Lagt er til að fagráðið verði nefnt *samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda*, og ber það víða á góma í tillögum og umfjöllun í skýrslunni.

Þegar rætt er um **kennara** í skýrslunni er víðast einnig átt við skólastjórnendur og ráðgjafa, þ.e. náms- og starfsráðgjafa og sérkennslu- og kennsluráðgjafa.

Þegar rætt er um **skólagerð** er bæði vísað til skólastiga þ.e. leik-, grunn- og framhaldsskóla og einnig tónlistarskóla og aðra listgreinaskóla.

Þetta er gert til að komast hjá endurteknum upptalningum.

FRAMTÍÐARSÝN

Í þessum kafla er gerð grein fyrir megináherslum fagráðs sem birtist í tillögum þess og stefnumótun. Í lok kaflans eru allar tillögur fagráðsins settar fram á einum stað. Síðar í skýrslunni er dýpri umfjöllun um tillögurnar og þær settar í samhengi við stöðu mála.

Fagráðið setur fram eftirfarandi skilgreiningu á hugtakinu starfsþróun. Skilgreiningin er grundvöllur sameiginlegs skilnings á starfsþróun og stefnuýfirlýsing um starf og áherslur fagráðsins. Hún felur í sér sameiginlega sýn á starfsþróun, fjölbreytni hennar og órjúfanlegt samhengi við fagmennsku og daglegt skólastarf.

Starfsþróun er samfelld meðvitað og mótað ferli sem leiðir til umbóta og jákvæðrar þróunar. Hún er beintengd daglegu starfi kennara með nemendum og skipulögð í kringum raunveruleg viðfangsefni starfsins. Hún hefur skýran tilgang og markmið og miðar að því að efla færni og þekkingu starfsfólks skóla og auka gæði í starfi. Hún á sér stað í faglegu lærdómssamfélagi, er augljós og samfinn hluti daglegs starfs fagfólks skóla og ber einkenni af menningu samfélags í þróun. Hún felur m.a. í sér formlegt nám, innleiðingu í starf á fyrsta starfsári, námskeið, rannsóknir á eigin starfi, þátttöku í þróunarverkefnum, ráðgjöf, ráðstefnur, fræðilestur, skólaheimsóknir. Stefnumiðuð starfsþróun stuðlar að aukinni starfsánægju, hefur áhrif á árangur í starfi og minnkar líkur á kulnun eða brotthvarfi kennara úr starfi.

Framtíðarsýn fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara byggir á eftirfarandi fimm grunnþáttum:

Menntun sem forgangsverkefni

Menntun er hornsteinn samfélags og menningar og þar gegna kennarar lykilhlutverki. Leggja þarf áherslu á menntun sem sameiginlegt forgangsverkefni stjórnvalda og þeirra aðila sem koma að menntakerfinu, meðal annars mennta- og menntamálaráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Skólameistarafélags Íslands, Kennarasambands Íslands og háskóla sem mennta kennara, HÍ, HA og LHÍ. Verkefnið byggist á samstarfi og samvirkni þessara aðila.

Tryggja þarf að vel sé staðið að menntun út frá markmiðum um jafnrétti og velferð nemenda og auka þarf þekkingu og vitund samfélagsins um mikilvægi kennarastarfsins.

Hraðar samfélags- og tæknibreytingar kalla á stöðuga starfsþróun kennara og skólaþróun. Þarna er meðal annars átt við kennsluáðferðir, samskipti, námsgögn og miðla. Kennarar eru kjölfestan í menntakerfinu. Mikilvægt er að kennarar séu leiðandi í breytingum og skólaþróun. Fjölbreytt og öflug starfsþróun kennara er grundvöllur farsællar þróunar menntakerfis og skólastarfs.

Lögð verði áhersla á menntun sem sameiginlegt forgangsverkefni stjórnvalda og þeirra aðila sem koma að menntakerfinu og samstarf þeirra um það.

Lögð verði áhersla á lykilhlutverk kennara í menntakerfinu.

Kennaramenntun sem starfsævilöng menntun

Starfsævilöng menntun kennara felur í sér mikilvæga mótun starfskenningar sem þróa þarf alla starfsævina. Heildstæð starfsævilöng menntun kennara felur í sér eftirfarandi meginþætti:

- Rannsóknartengda grunnmenntun verðandi kennara til meistaraþrófs,
- veigamikið nám verðandi kennara á vettvangi,
- markvissa leiðsögn og handleiðslu við nýliða í starfi og við aðra kennara,

- fjölþætt nám og starfsþróun, ígrundun og starfendarannsóknir og margvíslega starfsemi sem leggur grunn að öfluglu lærdómssamfélagi alla starfsævina.

Skipulag heildstæðrar starfsævilangrar menntunar kennara byggir á nánnum tengslum háskóla sem mennta kennara, grunnmenntunar kennara og starfsvettvangs þar sem nám og starfsþróun er stöðugt ferli alla starfsævina. Starfsþróun kennara er forsenda skólaþróunar og þróunar menntakerfisins.

Kennaramenntun verði skilgreind og skipulögð sem heildstæð starfsævilöng menntun og starfsþróun skipi skýran sess sem mikilvægur hluti kennarastarfsins og skólastarfsins.

Gera þarf breytingar á fyrirkomulagi starfsþróunar og menntunar kennara í samræmi við skilgreiningu á kennaramenntun sem heildstæðri og starfsævilangri.

Aðgengilegt og skilvirkt stoðkerfi fyrir starfsþróun

Forsenda heildstæðrar og starfsævilangrar menntunar kennara er viðurkenning á nauðsyn stoðkerfis við slíkt skipulag. Fjölbreytt stoðkerfi, skipulag og fjármunir þurfa að vera fyrir hendi til að styðja við starfsævilanga menntun. Skilgreina þarf stoðkerfi fyrir kennara, skóla og háskóla sem mennta kennara. Nánar er útskýrt hvað felst í stoðkerfi í kafla um stoðkerfi bls. 15.

Markmið stoðkerfis eru:

- Að skapa góðar aðstæður og möguleika til fjölbreyttrar menntunar og starfsþróunar fyrir kennara alla starfsævina. Hér er vísað til skipulags, tíma, fræðslu og faglegs stuðnings við hæfi og starfshætti sem setja starfsþróun og skólaþróun í brennidepil.
- Að skapa góða aðstæður og möguleika fyrir skóla að hafa með höndum vettvangsnám kennaranema, leiðsögn við nýliða og aðra starfandi kennara og að bjóða upp á starfsþróun á vinnustað.
- Að styðja við fjölbreytta aðkomu háskóla að starfsþróun kennara og stuðla að nánnum tengslum háskóla og starfsvettvangs.
- Að veita yfirsýn yfir og miðla upplýsingum um fræðslu og stuðning við starfsþróun sem er í boði, svo sem á upplýsingaveitu.
- Að mynda ramma um starfsþróun og fylgja henni eftir.

Viðurkenna þarf nauðsyn stoðkerfis til að styðja við heilðræna sýn á starfsævilanga kennaramenntun.

Skilgreina þarf stoðkerfi fyrir kennara, skóla og háskóla sem mennta kennara. Stoðkerfið þarfað taka tillit til mismunandi þarfa og aðstæðna, vera aðgengilegt og stuðla að því að starfsþróun skipi skýran sess sem mikilvægur hluti kennarastarfsins og skólastarfsins.

Fjármál

Símenntun og starfsþróun er eðlilegur hluti af starfsemi stofnana og kerfa; skóla og menntakerfa. Í tillögum *fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara* eru markaðar nýjar megináherslur um starfsþróun kennarastéttarinnar. Þær fela annars vegar í sér stefnu um heildstæða og fjölþætta starfsævilanga menntun frá upphafi grunnnáms og út starfsævina. Hins vegar fela þær í sér hugmyndir um stoðkerfi fyrir starfsþróun til að skapa aðstæður og möguleika til náms og fjölbreytilegrar starfsþróunar. Þá eru lagðar til nýjar skilgreiningar og skipulag sem byggist á samfelli milli háskóla sem mennta kennara, grunnmenntunar kennara og starfsvettvangsins í skólum.

Fagráðið undirstrikar að fjölbreytt stöðkerfi með heildarskipulagi, miðlægri yfirsýn og fjármunum er nauðsynleg forsenda stefnu um heildstæða starfsævilanga menntun kennara og útfærslu hennar. Þannig þarf stöðkerfi að fylgja nýjum áherslum og aðferðum til að gera skólum og kennurum kleift að aðlaga þær að starfi og starfsháttum.

Þetta gerir kröfu um að skilgreina þarf stöðkerfið í heild sem og einstaka hluta þess, svo sem vegna kennara, skóla og háskóla sem mennta kennara. Einnig þarf að skilgreina með hvaða hætti einstaka þættir stöðkerfisins eru fjármagnaðir en fjármunir koma nú inn í kerfið til starfsþróunar kennara eftir mismunandi leiðum. Í þessu samhengi er mikilvægt að skoða hvernig fjármunir og skilgreindur tími til starfsþróunar kennara nýtist út frá þeim tillögum sem hér eru settar fram.

Með tillögum sínum leggur fagráðið til breytta sýn á starfsþróun kennara og stöðkerfi sem kallar á að skoða hvernig fjármunum og tíma er nú varið til starfsþróunar og hver þörfin verður miðað við tillögur fagráðsins.

Styðja þarf við að framtíðarstefna um starfsþróun kennarastéttarinnar nái fram að ganga, útfæra einstökatriði og fylgja þeim eftir með skýru umboði og stuðningi frá ríki og sveitarfélögum til ákvarðana og framkvæmda.

Skilgreint verði eins nákvæmlega og unnt er hvaða fjármagn og tími til starfsþróunar er til staðar í kerfinu.

Metið verði hvernig núverandi fjármagn og tími nýtist í ljósi markmiða sem fram koma í tillögum fagráðs.

Settar verði fram tillögur um nýtingu fjármagns og tíma til að markmiðum tillagna fagráðs verði náð. Það feli í sér kostnaðarmat og forgangsröðun.

Sett verði fram aðgerðaráætlun.

Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda

Fagráðið hefur nú starfað í þrjú ár og hefur á þeim tíma sannað gildi sitt sem mikilvægur samstarfsvettvangur aðila um starfsþróun kennara. Áhrifanna af starfi fagráðsins er þegar farið að gæta og hugmyndir hafa þroskast og skotið rótum. Margir hafa lagt á sig umtalsverða vinnu til að koma starfsþróunarmálum kennara í betra horf. Auk þess að vera samstarfsvettvangur er litið svo á að fagráðið, eða *samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda*, eins og lagt er til að það heiti framvegis, verði mikilvægur hluti af fjölbreyttu stöðkerfi við heildstæða starfsævilanga menntun og starfsþróun kennara.

Hlutverk *samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda* gætu verið eftirfarandi:

- Að vera vettvangur fyrir samstarf og samráð aðila um starfsþróun kennara, skólastjórnenda og annarra fagstétta leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og tónlistarskóla.
- Að kynna skýrslu fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara fyrir skólasamfélaginu sem afhent var menntamálaráðherra 10. mars 2016.
- Að setja fram tillögur að útfærslu á fram komnum niðurstöðum fagráðsins og kynna þær fyrir aðilum samstarfsráðsins og menntamálaráðherra.
- Að greina þarfir kennara og skólastjórnenda fyrir starfsþróun og gæta að gæðum starfsþróunar.
- Að hafa yfirsýn yfir þróun og stefnumótun í starfsþróun, afla upplýsinga um hana, leiða umræðu og miðla til skólasamfélagsins.
- Að vera menntayfirvöldum og öðrum aðilum til ráðgjafar um málefni er varða starfsþróun.

Samstarfsráðið er mikilvægur þáttur framtíðarsýnar um starfsþróun kennara og leggur fagráðið til að slíkur samstarfsvettvangur verði festur í sessi til framtíðar.

Ráðherra festi formlegan samstarfsvettvang um starfsþróun kennara í sessi og skipi samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda og tryggji þar með að áfram verði haldið starfi fagráðsins og samráði um stefnumótun til framtíðar. Ráðherra fái tilnefningar í ráðið frá eftirtöldum aðilum: mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambandi Íslands, Skólameistarafélagi Íslands, Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Listaháskóla Íslands.

Tryggður verði stuðningur ráðuneytisins við starfsemi samstarfsráðsins sem felist í stöðu starfsmanns í fullu starfi.

Tillögur - yfirlit

MENNTUN SEM FORGANGSVERKEFNI

Lögð verði áhersla á menntun sem sameiginlegt forgangsverkefni stjórnvalda og þeirra aðila sem koma að menntakerfinu og samstarf þeirra um það.

Lögð verði áhersla á lykilhlutverk kennara í menntakerfinu.

Horft verði til norrænna lýðræðishefða við mótun menntastefnu og uppbyggingu skólakerfis, þannig að jafnrétti, virk þátttaka allra og virðing fyrir ólíkri stöðu og bakgrunni einkenni skólastarfið.

Kennarar taki virkan þátt í að auka þekkingu samfélagsins á kennarastarfinu, með jákvæðri og faglegri umræðu um kennslu og skólastarf.

KENNARAMENNTUN SEM STARFSÆVILÖNG MENNTUN

Kennaramenntun verði skilgreind og skipulögð sem heildstæð starfsævilöng menntun og starfsþróun skipi skýran sess sem mikilvægur hluti kennarastarfsins og skólastarfsins.

Gera þarf breytingar á fyrirkomulagi starfsþróunar og menntunar kennara í samræmi við skilgreiningu á kennaramenntun sem heildstæðri og starfsævilangri.

Menntun kennara verði skilgreind og skipulögð sem heildstæð starfsævilöng menntun sem feli í sér:

- rannsóknartengda grunnmenntun verðandi kennara til meistaraþrófs,
- veigamikil nám verðandi kennara á vettvangi,
- leiðsögn og handleiðslu við nýliða í starfi og við aðra kennara,
- fjölþætt nám og starfsþróun, ígrundun og starfendarannsóknir, og margvíslega starfsemi sem leggur grunn að öfluglu lærdómssamfélagi alla starfsævina.

AÐGENGILEGT OG SKILVIRKT STOÐKERFI FYRIR STARFSÞRÓUN

Viðurkenna þarf nauðsyn stoðkerfis til að styðja við heilðræna sýn á starfsævilanga kennaramenntun.

Skilgreina þarf stoðkerfi fyrir kennara, skóla og háskóla sem mennta kennara. Stoðkerfið þarf að taka tillit til mismunandi þarfa og aðstæðna, vera aðgengilegt og stuðla að því að starfsþróun skipi skýran sess sem mikilvægur hluti kennarastarfsins og skólastarfsins.

Skilgreint verði fjölbreytt stoðkerfi fyrir heildstæða starfsævilanga menntun kennara til að styðja við slíkt skipulag og fylgja eftir.

Skilgreint verði fjölbreytt stoðkerfi fyrir kennara sem feli m.a. í sér tíma og aðstæður til ígrundunar í starfi og starfendarannsóknna, náms og fjölþættrar starfsþróunar alla starfsævina, launuð námsorlof og rannsóknarleyfi.

Skilgreint verði fjölbreytt stoðkerfi fyrir skóla sem feli m.a. í sér stuðning við vettvangsnám kennaranema, leiðsögn við nýliða og aðra starfandi kennara, fjármuni til skóla til að greiða fyrir

afleysingar svo kennarar geti sótt nám og starfsþróun á starfstíma og til að skipuleggja og bjóða upp á fjölbreytta starfsþróun á vinnustað.

Skilgreint verði fjölbreytt stöðkerfi fyrir háskóla sem mennta kennara sem feli m.a. í sér að skýra hlutverk háskóla í starfsþróun á vettvangi, að vinnumatskerfi háskóla geri ráð fyrir þátttöku háskóla í starfsþróun á vettvangi og að kennaramenntendur hafi aðstæður til starfsþróunar.

Aukið verði fjölbreytilegt framboð á námi og starfsþróun sem tengist starfi kennara og starfsvettvangi.

Markviss kynning fari fram á skilgreiningu fagráðs á starfsþróun meðal kennara, skólastjórnenda og annarra sem málið varðar til að efla fjölbreytt viðfangsefni og aðferðir við starfsþróun.

Kennurum verði skapaðar aðstæður og möguleikar til þátttöku í starfsþróun bæði hér á landi og erlendis meðal annars með hjálp netsins.

Byggja þarf upp sveigjanlegt stöðkerfi við starfsþróun kennara og við starfsþróun skóla til að bregðast við fjölbreyttum þörfum og aðstæðum, móta stefnu og fylgja eftir áætlunum.

Skapa þarf jafnar aðstæður og möguleika kennara til starfsþróunar óháð skólastigi og skólagerð, búsetu og faggrein, námssviði og starfsreynslu, í starfi, innan og utan starfstíma skóla.

Leggja þarf áherslu á að þekking og reynsla reyndra kennara nýtist öðrum kennurum og í skólastarfinu. Skapa þarf reyndum kennurum aðstæður til starfsþróunar í samræmi við reynslu þeirra og hlutverk.

Leggja þarf áherslu á aukið samstarf á milli skólastiga og skólagerða um starfsþróun.

Veita þarf skólum markvissan stuðning til að skipuleggja leiðsögn við nýliða í starfi og við aðra starfandi kennara.

Skapa þarf nýliðum og leiðsagnarkennurum aðstæður í starfi til að fá leiðsögn og veita leiðsögn.

Boðið verði áfram nám í starfstengdri leiðsögn fyrir þá sem sinna leiðsögn við kennaranema, nýliða og aðra starfandi kennara. Skapa þarf kennurum aðstæður til náms af þessu tagi samhliða starfi og utan starfstíma skóla.

Kennurum verði skapaðar aðstæður til að starfa í anda lærdómssamfélags:

Kennurum verði skapaðar aðstæður í starfi til ígrundunar, starfendarannsókna og fjölbreytilegs faglegs samstarfs innan skóla og við aðra fagaðila utan skólans.

Kennurum verði skapaðar aðstæður og möguleikar til náms og starfsþróunar samhliða starfi og utan starfstíma skóla.

Kennarar geti sinnt starfsþróun í daglegum vinnutíma. Skipulagður tími þarf að vera fyrir starfsþróun í dagvinnustarfinu og kennarar þurfa að geta losað sig úr kennslu til að stunda starfsþróun samhliða starfi á starfstíma skóla.

Gert verði ráð fyrir fjárhagslegu svigrúmi skóla til að skipuleggja starfsþróun á vinnustað og leysa af kennara sem sækja starfsþróun í vinnutíma sínum.

Stefnt verði að auknum möguleikum kennara til að nýta launuð námsleyfi til starfsþróunar.

Efla þarf markvissa notkun starfsþróunaráætlana í skólum með nánu samstarfi þeirra sem málið varðar þar sem tekið er tillit til mismunandi þarfa kennara og skóla.

Formlegt nám í skólastjórnun, kennslufræðilegri forystu og starfstengdri leiðsögn verði ávallt aðgengilegt fyrir verðandi skólastjórnendum og þá sem eru í starfi.

Skólastjórnendum hafi aðstæður og möguleika til starfsþróunar í starfi, innan og utan starfstíma skóla og til að veita leiðsögn og kennslufræðilega forystu á starfsvettvangi.

Lögð verði áhersla á að kennarar fái meiri og stöðugri stuðning og endurgjöf í starfi.

Skólastjórnendum og kennurum verði veitt fagleg ráðgjöf og stuðningur við að formgera endurgjöf í starfi sem starfsþróunaraðferð í skólum.

Skólum og kennurum verði veitt fagleg ráðgjöf og leiðsögn við innra mat sem aðferð við skólaþróun. Þeir fái jafnframt markvissan stuðning við að fylgja eftir niðurstöðum innra og ytra mats í umbóta- og þróunarstarfi.

Byggð verði upp markviss kennslufræðileg ráðgjöf við skóla og kennara.

Kennurum verði umbunað fyrir þátttöku í starfsþróun með markvissum hætti.

Kennurum verði skapaðar aðstæður til að stunda rannsóknir samhliða starfi í samvinnu við samstarfsfólk, skóla og háskóla.

Rannsóknir á skólastarfi verði virkur hluti af grunnmenntun kennaranema.

Skilgreint verði hlutverk háskóla í því að vinna með skólum og kennurum að starfsþróun, rannsóknnum og þróunarstarfi. Starf af þessum toga verði viðurkenndur þáttur í starfi háskólakennara á sama hátt og aðrar rannsóknir.

Skapa þarf háskólakennurum aðstæður til að sérhæfa sig í menntun og starfsþróun kennara.

Greindar verði þarfir fyrir upplýsingaveitu um starfsþróun og hvað slík upplýsingaveita þurfi að innihalda.

Haldið verði áfram tæknilegri þróun upplýsingaveitunnar svo að hún uppfylli þau markmið sem sett eru með henni.

FJÁRMÁL

Styðja þarf við að framtíðarstefna um starfsþróun kennarastéttarinnar nái fram að ganga, útfæra einstök atriði og fylgja þeim eftir með skýru umboði og stuðningi frá ríki og sveitarfélögum til ákvarðana og framkvæmda.

Skilgreint verði eins nákvæmlega og unnt er hvaða fjármagn og tími til starfsþróunar er til staðar í kerfinu.

Metið verði hvernig núverandi fjármagn og tími nýtist í ljósi markmiða sem fram koma í tillögum fagráðs.

Settar verði fram tillögur um nýtingu fjármagns og tíma til að markmiðum tillagna fagráðs verði náð. Það feli í sér kostnaðarmat og forgangsröðun.

Sett verði fram aðgerðaráætlun.

SAMSTARFSRÁÐ UM STARFSÞRÓUN KENNARA OG SKÓLASTJÓRNENDA

Ráðherra festi formlegan samstarfsvettvang um starfsþróun kennara í sessi og skipi samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda og tryggji þar með að áfram verði haldið starfi fagráðsins og samráði um stefnumótun til framtíðar. Ráðherra fái tilnefningar í ráðið frá eftirtöldum aðilum: mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambandi Íslands, Skólameistarafélagi Íslands, Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Listaháskóla Íslands.

Tryggður verði stuðningur ráðuneytisins við starfsemi samstarfsráðsins sem felist í stöðu starfsmanns í fullu starfi.

UNDIRSTÖÐUR STARFSÞRÓUNAR

Í þessum kafla er greint frá atriðum sem mynda umhverfi og grundvöll sem fyrirkomulag starfsþróunar kennara og áherslur byggja á.

Lög, reglugerðir og kjarasamningar

Í gegnum tíðina hefur starfsþróun kennara farið fram með ýmsu móti og gengið undir ýmsum nöfnum eftir því hvaða þættir hafa verið settir á oddinn hverju sinni. Endurmenntun hefur vísað til viðbótarmenntunar sem ætlað er að uppfæra þekkingu kennara og aðferðir til að takast á við breytingar á starfsvettvangi sínum. Í símenntun felast áherslur á fjölbreytt og stöðug tækifæri til að fylgjast með nýjungum og þróun í menntun og skólastarfi. Í störfum fagráðs og í skýrslu þessari er notað orðið starfsþróun (sjá skilgreiningu á bls. 3).

Lögð er áhersla á að starfsþróun sé ævilangt ferli sem hefst í grunnnámi og heldur áfram allan starfsferil kennarans. Ævilöng starfsþróun er bæði formleg og óformleg, og fer fram með ýmsum hætti, svo sem í viðbótarnámi, skipulögðum námskeiðum, formlegu námi, lestri fræðiritna og í fjölbreyttu samstarfi kennara.

Ákvæði sem setja ramma um starf og hlutverk kennara og starfsþróun, starfshætti í skólum er að finna í lögum um skólastigin, aðalnámskrám og ýmsum reglugerðum. Skýrustu ákvæðin um starfsþróun eru í kjarasamningum kennara og skólastjórnenda og bókunum við þá.

Í lögum um leikskóla og grunnskóla eru almenn ákvæði um símenntun kennara og stjórnenda og símenntunaráætlanir. Í lögum um grunnskóla og framhaldsskóla er þar að auki fjallað um námsleyfi/námsorlof kennara og skólastjórnenda. Í kjarasamningum félaga kennara og stjórnenda; FL, FSL, FG, SÍ, FF, FS, FT og í bókunum við þá eru ákvæði um símenntun og endurmenntun.

Upplýsingar um starfsþróun í lögum, aðalnámskrám, reglugerðum og kjarasamningum eru á vef fagráðsins (<http://starfsthrounkennara.is/log-reglugerdir-adalnamskra-og-kjarasamningar/>).

Hlutverk, ábyrgð og skyldur

Kennarastéttin hefur mörg hlutverk í skólakerfinu, s.s. kennslu, stjórnun, uppeldi, ráðgjöf, rannsóknir og þróunarstörf. Þannig teljast t.d. skólastjórnendur, sérkennarar og námsráðgjafar til kennarastéttarinnar. Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara á öllum skólastigum.

Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Mikilvægt er að kennarastéttin hafi fjölbreytt tækifæri til að þróa starfskenningu sína og efla sig í starfi. Hafa ber í huga að kennarar hafa mismanga starfsreynslu og búa oft við mismunandi starfsaðstæður. Starfsþróun kennara og skólaþróun eru í langflestum tilfellum tvær hliðar á sama máli.

Í fagráðinu fór fram umræða um hlutverk, ábyrgð og skyldur aðila fagráðs á starfsþróun kennara. Gögn úr þeirri umræðu má sjá á vef fagráðs <http://starfsthrounkennara.is/>

Aðilar menntakerfisins; ráðuneytið, sveitarfélög, Kennarasambandið og háskólar sem mennta kennara koma að starfsþróun kennara með mismunandi hætti og allir hafa hag af því að sem best sé staðið að starfsþróun kennara og skóla. Verkaskipting aðila, samstarf og ábyrgð er þó óljós og þarf að skilgreina betur.

Rekstraraðilar skóla, ríki og sveitarfélög, vilja tryggja farsælt og árangursríkt skólastarf byggt á faglegum sjónarmiðum, góðri reynslu, þekkingu og traustum rekstrarforsendum. Þeir þurfa

jöfnum höndum að tryggja festu og stöðugleika í skólastarfinu og skapa skólunum svigrúm til að þróast í samræmi við breytingar í samfélaginu, þekkingu og menningu. Það þýðir m.a. að starfsfólk skólanna hafi aðstæður og möguleika til að fylgjast með nýjungum í menntamálum og skólaþróun.

Hlutverk, ábyrgð og skyldur Kennarasambands Íslands á starfsþróun kennara, náms- og starfsráðgjafa og skólastjórnenda er að fara með mál sem tengjast faglegri menntun þeirra, vinna að eflingu kennaramenntunar og starfsþróunar og að tryggja þeim aðstæður og tækifæri til að efla menntun sína og þekkingu. Kennarasambandið hefur ríkar skyldur til að fjalla um þróun náms og kennslu, hag skóla og skólastarfs til að rækja lögboðið starf sem samrýmist markmiðum um aðlaðandi og framsækið náms- og starfsumhverfi starfsfólks og nemenda, og eiga um það samstarf við ríki, sveitarfélög og háskóla sem mennta kennara.

Háskólar sem mennta kennara, fylgjast í krafti rannsóknarskyldu og þekkingarsköpunar, með framkvæmd skólastarfs, nýjungum og þróun. Háskólar sem standa að starfsmenntun kennarastéttarinnar eru jafnframt í kjörstöðu til að kynna nýjungar og þróunarstörf í skólastarfi, árangur og álitamál. Þetta gætu þeir gert bæði í tengslum við menntun kennara, og með rannsóknarverkefnum, þátttöku í þróunar- og tilraunastarfi í skólakerfinu og fjölbreyttum stuðningi við starfsþróun kennara. Í umræðu í fagráðinu kom fram að hvorki lög um háskóla né fjárlög tryggja virka þátttöku háskóla í starfsþróun kennara og skóla.

Fjármál

Stærstur hluti fjármuna til starfsþróunar kennara kemur fram í kjarasamningum og er meginstöðin við starfsþróun þeirra. Fjármunir til starfsþróunar koma einnig fram í lögum, fjárveitingum ríkis og sveitarfélaga og úr ýmsum innlendum og erlendum sjóðum. Engir sérmerktir fjármunir eru fyrir háskóla til að sinna starfsþróun kennara og skólaþróun.

Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri vann skýrsluna *Starfsþróun kennara - greining á sjóðaumhverfi* fyrir fagráðið. Markmiðið var að varpa ljósi á hvaða tækifæri kennarar hefðu til starfsþróunar og hversu miklum fjármunum væri úthlutað til hennar. Greiningin tók til sjóða sem standa leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólakennurum til boða, skólastjórnendum og ráðgjöfum. Í inngangi skýrslunnar kemur fram að niðurstöður hennar séu ekki tæmandi en að þær gefi góða mynd af því hvaða sjóðir styðji við starfsþróun kennara, hvers konar starfsþróun er styrkt og hversu miklum fjármunum var varið í málaflokkinn árin 2012 og 2013.

Efni skýrslunnar í hnotskurn:

- Greint er frá möguleikum á stuðningi við starfsþróun og fjallað er um sjóði/aðila sem styðja við starfsþróun.
- Greina má í skýrslunni hvers konar form starfsþróunar er styrkt (t.d. einstaklingsstyrkir, námsleyfi, skólaheimsóknir).
- Greint er frá hversu miklum fjármunum var úthlutað til starfsþróunar og hvaðan þeir fjármunir komu árin 2012 og 2013.
- Greint er frá hversu miklum fjármunum var úthlutað til starfsþróunar á hverju skólastigi og í tónlistarskólum. Reiknuð er út meðalfjárhæð á stöðugildi.
- Fjallað er um hlut íslenskra háskóla í starfsþróun kennara.
- Greint er frá aðkomu sveitarfélaga og ríkis að starfsþróun fram yfir lögbundnar og kjarasamningsbundnar skyldur.

Í skýrslunni kemur fram að rúmum milljarði hafi árlega verið varið varið til starfsþróunar á árunum 2012 og 2013 úr þeim sjóðum sem greint er frá. Sé litið til skólastiga og skólagerða var skiptingin eins og kemur fram í eftirfarandi töflu.

1. Fjármunir til starfsþróunar í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum.

	2012	2013
Leikskólar	183	163
Grunnskólar	657	488
Framhaldsskólar	386	373
Tónlistarskólar	46,7	40,7

Tölurnar eru í millj. kr.

Styrkir til starfsþróunar, úr þeim sjóðum sem greiningin tók til eru mismiklir eftir skólastigum og skólagerðum og einnig þegar þeir eru skoðaðir út frá fjölda stöðugilda eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

2. Fjármunir til starfsþróunar í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum á hvert stöðugildi.

	2012	2013
Leikskólar	76	68
Grunnskólar	133	100
Framhaldsskólar	212	207
Tónlistarskólar	105	92

Tölurnar eru í þús.kr. á hvert stöðugildi.

Bent skal á varðandi tónlistarskóla að upphæð styrkja á stöðugildi er í raun mun lægri því hér er ekki tekinn með fjöldi stöðugilda tónlistarkennara í FÍH.

Eftirfarandi töflur sýna þá fjármuni sem var úthlutað úr starfsþróunarsjóðum kennara, ráðgjafa og skólastjóra í leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskólum árin 2012 og 2013.

3. Fjármunir til starfsþróunar í leikskólum

	2012	2013	Fjármunir
Vísindasjóður	175,6	153,7	Kjarasamningsbundið framlag frá sveitarfél. (1,72% af grunnlaunum)
Sprotasjóður / leikskólar	7,4	9,9	Fjárlög
Samtals	183,0	163,6	

Tölurnar eru í millj. kr.

4. Fjármunir til starfsþróunar í grunnskólum

	2012	2013	Fjármunir
Verkefna- og námsstyrkjasjóður	389,2	212,5	Kjarasamningsbundið framlag frá sveitarfél. (1,72% af grunnlaunum)
Námsleyfissjóður	216,4	224,3	Sveitarfélög 1,3% af dagvinnulaunum
Endurmenntunarsjóður grunnskóla	34,0	35,7	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
Sprotasjóður / grunnskólar	17,7	16,1	Fjárlög
Samtals	657,4	488,6	

Tölurnar eru í millj. kr.

5. Fjármunir til starfsþróunar í framhaldsskólum

	2012	2013	Fjármunir
Vísindasjóður	134,8	128,0	Kjarasamningsbundið framlag frá ríkinu (1,72% af grunnl.)
Námsorlof kennara og stjórnenda framhaldsskóla	201,3	215,9	Fjárlög
SEF	40,5	14,2	Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sprotasjóður / framhaldsskólar	9,6	15,2	Fjárlög
Samtals	386,2	373,3	

Tölurnar eru í millj. kr.

6. Fjármunir til starfsþróunar í tónlistarskólum

	2012	2013	Fjármunir
Starfsmenntunarsjóður tónlistarskólakennara	46,7	40,7	Kjarasamningsbundið framlag frá ríkinu (1,72 % af grunnl.)

Tölurnar eru í millj. kr.

Mörg sveitarfélög koma að starfsþróun með beinum hætti með því að verja fjármagni til starfsþróunar umfram lagaákvæði eða samningsbundnar skyldur. Umfjöllun um stuðning sveitarfélaga við starfsþróun er hins vegar snúin og eru upplýsingar um umfangið og fjármagnið óaðgengilegar. Einnhver sveitarfélög hafa farið þá leið að vera með eigin starfsþróunarsjóði. Einnig er eitthvað um að framhaldsskólar styðji við starfsþróun starfsfólks fram yfir lagalegar og kjarasamningsbundnar skyldur ríkisins.

Hér skal á það bent að í gildandi kjarasamningi grunnskólakennara og tónlistarskólakennara er einnig gert ráð fyrir allt að 150 klukkustundum í ársvinnutíma til starfsþróunar og undirbúnings og í kjarasamningi kennara, náms- og starfsráðgjafa og stjórnenda í framhaldsskólum er gert ráð fyrir 80 klukkustundum í ársvinnutíma til þessa. Ekki er skilgreindur ákveðinn tími til starfsþróunar í kjarasamningum kennara í leikskólum og skólastjórnenda í leik- og grunnskólum. Í bókun með kjarasamningum frá 2014 er kveðið á um nýtt framlag vinnuveitenda, 0,1% af heildarlaunum félagsmanna KÍ og hafa nokkur aðildarfélög KÍ valið að ráðstafa þessu fjármagni tímabundið til símenntunar og starfsþróunar.

Hvítbók um umbætur í menntamálum

Árið 2014 gaf menntamálaráðherra út *Hvítbók um umbætur í menntamálum, meginmarkmið um umbætur í menntun á Íslandi til ársins 2018*. Meginmarkmiðin sem þar koma fram fela í sér að auka læsi nemenda, fjölga nemendum sem ljúka námi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma og efla starfsnám. Lögð er áhersla á hlutverk kennarastéttarinnar í umbótastarfi og að efla þurfi menntun og hæfni kennara til að styðja við það. Einnig er bent á að vegna aldursamsetningar kennarastéttarinnar muni mikil endurnýjun óhjákvæmilega eiga sér stað í íslenskri kennarastétt á næstu árum. Þá gefist tækifæri til að leggja nýjar línur um menntun og störf kennara til samræmis við umbótaáætlunina. Hið sama á við um símenntun og starfsþróun kennara. Minnt er á verkefni fagráðs um starfsþróun kennara, sem m.a. er ætlað að setja fram hugmyndir og áherslur um hvernig megi mennta og styðja við kennara í starfi og þróa nýjar kennsluaðferðir. Ljóst er að tillögur fagráðsins um starfsþróun kennara styðja við umbótaáætlanir í anda hvítbókarinnar.

Alþjóðleg umræða um starfsþróun kennara

Á alþjóðavettvangi hefur mikil umræða átt sér stað undanfarin ár um þátt kennara í menntaumbótum, menntun og starfsþróun kennara og fagmennsku. Í vinnu sinni hefur fagráðið reynt að fylgjast með þessari umræðu og draga af henni lærdóma. Í skýrslum alþjóðastofnana og í aðgerðum einstakra landa, austanhafs og vestan, hefur áhersla á þróun kennaramenntunar færst í auknum mæli á starfsþróun kennara og stuðning við reynda kennara, sem öðlast hafa reynsluþekkingu og faglegt öryggi til að leiða þróunarstörf í skólum eða skólahverfum. Grunnmenntun kennara er mikilvægt fyrsta stig starfsmenntunar. Einnig þarf að veita nýútskrifuðum kennurum stuðning og tækifæri til að efla fagmennsku sína. Samstarf kennara er mikilvægur þáttur í ævimenntun þeirra. Dæmi úr þessari umræðu má sjá á vef fagráðsins: <http://starfsthrounkennara.is/ymislegt/>

MENNTUN SEM FORGANGSVERKEFNI

Fagráðið leggur áherslu á að menntamál verði gerð að sameiginlegu forgangsverkefni með það að markmiði að efla gæði náms og kennslu, jafnræði og velferð nemenda og námsárangur. Stjórnvöld hafi forystu um stöðuga þróun menntastefnu í samstarfi við þá aðila er koma að menntakerfinu, sem og að móta framtíðarsýn fyrir skólakerfið og aðgerðaáætlun á grunni menntastefnunnar. Kennarar gegna hér lykilhlutverki.

Í mótun menntastefnu er mikilvægt að byggja á samvirkni og samræðu sem flestra og skapa traust á milli aðila sem koma að menntakerfinu. Menntastefnan þarf að vera hvetjandi og sameina alla í eina liðsheild. Þátttaka og skuldbinding stjórnvalda er mikilvæg til að innleiðing menntastefnunnar verði árangursrík en ekki síður skuldbinding og þátttaka samstarfsaðila um að leiða stefnuna og tala fyrir henni. Stjórnvöld ættu því að leggja áherslu á að byggja upp samstarf við kennarastéttina, kennaramenntunarstofnanir, foreldra og nemendur um skólastarf.

Stjórnvöld þurfa að tala skýrt um lykilhlutverk kennara í framgangi þeirra menntamarkmiða sem stefnt er að. Tala þarf fyrir mikilvægi kennarastarfsins og skólastarfs og sýna það í verki. Hvetjandi og styðjandi forysta stjórnvalda ýtir undir áhuga og sjálfstraust kennara. Án heilshugar þátttöku kennara er óvíst um árangur.

Stuðla þarf að jákvæðri umræðu í samfélaginu um kennarastarfið og auka þekkingu og vitund samfélagsins um það faglega og mikilvæga starf sem unnið er í skólum landsins. Kennarar þurfa að taka virkan þátt í þessari umræðu og stjórnvöld þurfa að tala skýrt um mikilvægi menntakerfisins; skóla og kennarastarfsins fyrir samfélagið.

Aukin áhersla verði lögð á menntun sem sameiginlegt forgangsverkefni stjórnvalda og þeirra aðila sem koma að menntakerfinu.

Lögð verði áhersla á lykilhlutverk kennara í menntakerfinu og mikilvægi kennarastarfsins fyrir samfélagið.

Horft verði til norrænna lýðræðishefða við mótun menntastefnu og uppbyggingu skólakerfis, þannig að jafnrétti, virk þátttaka allra og virðing fyrir ólíkri stöðu og bakgrunni einkenni skólastarfið.

Kennarar taki virkan þátt í að auka þekkingu samfélagsins á kennarastarfinu, með jákvæðri og faglegri umræðu um kennslu og skólastarf.

KENNARAMENNTUN SEM STARFSÆVILÖNG MENNTUN

Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara ákvað í júní 2015 að setja af stað vinnu til að móta tillögur um starfsævilanga kennaramenntun, þ.e. um nám og starfsþróun kennara frá grunnnámi til meistaraþrófs og út starfsævina. Kafli þessi og tillögur byggja á greinargerð starfshópsins (sjá fylgiskjal nr. 9).

Gengið er út frá því að í öllu faglegu starfi þurfi sífellda endurskoðun og á það ekki síst við kennarastarfið (og öll önnur fagstörf tengd skólastarfi) vegna þess hve starfið er fjölbreytt og starfsumhverfið breytist hratt.

Menntun kennara heldur áfram þegar út í starfið er komið og felur í sér innleiðingu í kennarastarfið, leiðsögn, nám og fjölþætta starfsþróun alla starfsævina. Kennarar og skólar þróa starfshætti sína í samræmi við samfélags- og tæknibreytingar, nýjar hugmyndir og áherslur um menntun og skólastarf.

Skipuleggja þarf menntun kennara sem heildstæða starfsævilanga menntun og skilgreina hana út frá því. Skipulagið byggir á auknu samhengi á milli háskóla sem mennta kennara, grunnmenntunar kennara og starfsvettvangs þar sem nám og starfsþróun er stöðugt ferli alla starfsævina. Heildstæð starfsævilöng menntun felur í sér mismunandi þætti, stig og leiðir á grundvelli sérhæfingar, áhugasviða og fjölbreytilegra viðfangsefna kennara og skóla. Heildstæð starfsævilöng menntun kennara, bæði formleg og óformleg, felur í sér eftirfarandi meginþætti:

- Rannsóknartengda grunnmenntun verðandi kennara til meistaraþrófs,
- veigamikil nám verðandi kennara á vettvangi,
- leiðsögn og handleiðslu við nýliða í starfi og við aðra kennara,
- fjölþætt nám og starfsþróun, ígrundun og starfendarannsóknir, og margvíslega starfsemi sem leggur grunn að öflugu lærdómssamfélagi alla starfsævina

Mikilvægur hluti starfs er að viðhalda stöðugt þekkingu og uppfæra í samræmi við breytingar á starfsumhverfi og þróun skólastarfs. Forsenda og undirstaða heildstæðrar starfsævilangrar menntunar er fjölbreytt stöðkerfi fyrir slíkt skipulag sem felur í sér viðurkenningu á því að nauðsynleg skilyrði í starfi, aðstæður og tækifæri þurfi að vera til staðar til kvikrar og fjölþættrar starfsþróunar alla starfsævina.

Lögð er áhersla á ábyrgð og samábyrgð kennara, skóla, Kennarasambandsins, háskóla sem mennta kennara, sveitarfélaga og ríkis að þróa skólastarfið.

Undirstöður heildstæðrar starfsævilangrar kennaramenntunar

Heildstæð starfsævilöng menntun kennara hvílir á tveimur undirstöðum. Þær eru:

- I. Grunnnám, framhaldsnám og fjölþætt tækifæri til starfsþróunar.
- II. Stöðkerfi til að stuðla að starfsþróun og fylgja henni eftir.

I. Nám og fjölþætt starfsþróun

Í grunnnámi verðandi kennara er lagður grunnur að menntun og starfskenningu sem kennarar halda áfram að móta alla starfsævina. Skólastarf er fjölbreytilegt og síbreytilegt og kallar á stöðugt nám og fjölþætta starfsþróun alla starfsævina.

Námi og fjölþættri starfsþróun er skipt í þrjú meginform.

1. Grunnmenntun til réttinda

Felur í sér rannsóknartengt nám til meistaraþrófs og veigamikið nám kennaranema á vettvangi. Grunnmenntun veitir réttindi til kennslu og er grunnurinn sem starfsævilöng menntun og starfsþróun kennara byggir á.

2. Framhaldsnám af ýmsu tagi

Felur í sér skilgreint einingabært nám og námskeið af ýmsu tagi, svo sem nám vegna leiðsagnar kennara og skóla við kennaranema, leiðsagnar kennara í starfi og þar á meðal við nýliða, nám til framhaldsgráðu, nám í skólastjórnun, sérkennslu og náms- og starfsráðgjöf.

3. Fjölbætt starfsþróun í starfi

Felur í sér starfsþróun sem nær til allra þátta skólastarfsins, m.a. stjórnunar, kennslufræðilegrar forystu, kennsluhátta, faggreina og námssviða og allra hefðbundinna og nýrra viðfangsefna skólans.

Í fylgiskjali 9 eru tilgreind frekari dæmi um inntak þessara meginforma starfsþróunar.

Menntun kennara verði skilgreind og skipulögð sem heildstæð starfsævilöng menntun sem feli í sér:

- *rannsóknartengda grunnmenntun verðandi kennara til meistaraþrófs,*
- *veigamikið nám verðandi kennara á vettvangi,*
- *leiðsögn og handleiðslu við nýliða í starfi og við aðra kennara,*
- *fjölbætt nám og starfsþróun, ígrundun og starfendarannsóknir, og margvíslega starfsemi sem leggur grunn að öfluglu lærdómssamfélagi alla starfsævina.*

AÐGENGILEGT OG SKILVIRKT STOÐKERFI FYRIR STARFSÞRÓUN

Forsenda heildstæðrar og starfsævilanngar menntunar kennara er viðurkenning á nauðsyn stoðkerfa við slíkt skipulag. Fjölbreytt stoðkerfi og fjármunir þurfa að vera fyrir hendi til að styðja við og tryggja starfsævilanga menntun. Skilgreina þarf stoðkerfi fyrir kennara, skóla og háskóla sem mennta kennara. Það sem sett er fram hér byggir á greinargerð og tillögum vinnuhóps um kennaramenntun (sjá fylgiskjal 9).

1. Stoðkerfi fyrir kennara

Felur m.a. í sér tíma og aðstæður til ígrundunar í starfi og starfendarannsóknna, náms og fjölbættrar starfsþróunar, launuð námsorlof og rannsóknarleyfi.

2. Stoðkerfi fyrir skóla

Felur m.a. í sér vettvangsnám kennaranema, leiðsögn við starfandi kennara og þar á meðal við nýliða, fjármuni til að greiða fyrir afleysingar svo kennarar geti sótt nám og starfsþróun á starfstíma og fjármuni til að skipuleggja og bjóða upp á fjölbætta starfsþróun á vinnustað.

3. Stoðkerfi fyrir háskóla

Felur m.a. í sér að skilgreina hlutverk háskóla í skólaþróun og starfsþróun kennara. Tryggja þarf tíma og aðstæður fyrir kennaramenntendur í háskólum til eigin starfsþróunar og að vinnuþáttum háskóla geri ráð fyrir þátttöku háskóla í starfsþróun kennara og skólaþróun á vettvangi.

Í fylgiskjali 9 eru tilgreind frekari dæmi um þá þætti sem stoðkerfin þurfa að tryggja.

Skilgreint verði fjölbreytt stoðkerfi fyrir heildstæða starfsævilanga menntun kennara til að styðja við slíkt skipulag og fylgja eftir.

Skilgreint verði fjölbreytt stoðkerfi fyrir kennara sem feli m.a. í sér tíma og aðstæður til ígrundunar í starfi og starfendarannsóknna, náms og fjölþættrar starfsþróunar alla starfsævina, launuð námsorlof og rannsóknarleyfi.

Skilgreint verði fjölbreytt stoðkerfi fyrir skóla sem feli m.a. í sér stuðning við vettvangsnám kennaranema, leiðsögn við nýliða og aðra starfandi kennara, fjármuni til skóla til að greiða fyrir afleysingar svo kennarar geti sótt nám og starfsþróun á starfstíma og til að skipuleggja og bjóða upp á fjölþætta starfsþróun á vinnustað.

Skilgreint verði fjölbreytt stoðkerfi fyrir háskóla sem mennta kennara sem feli m.a. í sér að skýra hlutverk háskóla í starfsþróun á vettvangi, að vinnumatskerfi háskóla geri ráð fyrir þátttöku háskóla í starfsþróun á vettvangi og að kennaramenntendur hafi aðstæður til starfsþróunar.

Form og innhald starfsþróunar

Starfsþróun kennara og skólastjórnenda fer fram með ýmsu móti t.d. með formlegu námi, ýmis konar viðbótarnámi, starfendarannsóknnum, skiptinámi, þróunarstarfi og námskeiðum innan skóla og utan. Stór hluti starfsþróunar á sér stað með óformlegum hætti t.d. með þátttöku í ráðstefnum, fundum og leshringjum. Einnig getur starfsþróun átt sér stað í samskiptum samstarfsfólks, með lestri fræðiritna og notkun fjölmiðla.

Upplýsingatækni og netmiðlar hafa margs konar áhrif á nám, kennsluhætti og skólastarf. Hægt er að skoða áhrifin út frá mismunandi sjónarhornum, t.d. innihaldi í námi nemenda, því hvernig nám fer fram með hjálp hennar, því mikla magni upplýsinga og þeirra tækifæra sem gefast til samskipta.

Þegar litið er til náms og starfsþróunar kennara skiptir sjónarhornið sömuleiðis máli. Fyrst kemur í hugann það sem snýr að aðgengi og magni upplýsinga en kennarar jafnt sem margir aðrir nýta sér vefinn til þekkingaröflunar og hugmyndaleitar. Alls konar samskipti eru líka áberandi.

MenntaMiðja er dæmi um eftirtektarvert verkefni sem stuðlar að starfsþróun kennara og er umgjörð um grasrótastarf kennara á svokölluðum torgum. Starfið felur í sér markvissa miðlun þekkingar og reynslu, faglegar samræður og samstarf. *MenntaMiðja* leggur áherslu á tengsl fræðasamfélags við starfsvettvang.

Ólík form starfsþróunar henta misvel eftir viðfangsefnum, aðstæðum kennara, námsstíl og reynslu svo dæmi séu tekin. Framboð þarf að vera á fjölbreyttri starfsþróun fyrir kennara á starfsvettvangi og utan hans.

Í TALIS rannsókn OECD (2008 og 2013) á viðhorfum kennara og skólastjórnenda til starfsaðstæðna sinna koma fram vísbendingar um að starfsþróun sem er tengd starfi kennara á vettvangi skili mestum árangri. Þetta kom einnig fram í rýnihópaviðtölum við kennara og skólastjóra sem starfshópur á vegum fagráðs skipulagði. Margar rannsóknir sýna einnig að starfsþróun sem er stöðug og viðvarandi, nátengd starfi kennara með nemendum, ýtir undir faglegt samstarf kennara og tengist almennt umbótum í skólastarfi skilar mestum árangri fyrir kennsluhætti og nám nemenda.

Starfsþróun kennara og skólastjórnenda spannar fjölbreytileg svið og viðfangsefni á starfsvettvangi þeirra. Kjarninn tengist faggreinum, námssviðum, menntunarfræðum,

kennslufræðum og skólastjórnun, en það eru mörg fleiri svið og viðfangsefni sem kennarar og skólastjórnendur þurfa að takast á við, svo sem námskrárfræði, upplýsingatækni, fjölmening, forvarnir, stjórnun og skólaþróun.

Þarfir fyrir starfsþróun eru nátengdar aðstæðum í kennslu og skólastjórnun, áherslum sem menntakerfið setur á oddinn á hverjum tíma, aðstæðum í samfélagi og nýrri þekkingu. Stoðkerfi við starfsþróun þarf að vera sveigjanlegt svo hægt sé að bregðast við fjölbreyttum þörfum og aðstæðum, móta stefnu og fylgja eftir.

Aukið verði fjölbreytilegt framboð á námi og starfsþróun sem tengist starfi kennara og starfsvettvangi.

Markviss kynning fari fram á skilgreiningu fagráðs á starfsþróun meðal kennara, skólastjórnenda og annarra sem málið varðar til að efla fjölbreytt viðfangsefni og aðferðir við starfsþróun.

Kennurum verði skapaðar aðstæður og möguleikar til þátttöku í starfsþróun bæði hér á landi og erlendis meðal annars með hjálp netsins.

Byggja þarf upp sveigjanlegt stoðkerfi við starfsþróun kennara og við starfsþróun skóla til að bregðast við fjölbreyttum þörfum og aðstæðum, móta stefnu og fylgja eftir áætlunum.

Mismunandi þarfir og aðstæður

Kennarar hafa mismunandi þarfir fyrir starfsþróun t.d. út frá starfsreynslu, námsgreinum eða námssviðum, landfræðilegri legu skólanna, skólagerðum og fleiru.

Stærð skóla og sveitarfélaga, fjárhagslegt bolmagn og landfræðileg lega hefur áhrif á starfsþróun og leiðir af sér að kennarar, skólastjórnendur og ráðgjafar búa ekki við sömu aðstæður og möguleika til hennar. Kennarar sem starfa í skólum á fámennari stöðum hafa færri tækifæri til starfsþróunar en kennarar í þéttbýli.

Fjárframlög til starfsþróunar eru mismunandi eftir skólastigum og skólagerðum. Þá eru áherslur í starfsþróun mismunandi á milli skólastiga og einnig eru ólíkar aðstæður og möguleikar til starfsþróunar.

Mikilvægt er að kennarar og skólastjórnendur hafi jafnar aðstæður og möguleika til starfsþróunar á öllum skólastigum og skólagerðum. Greina þarf þá hópa kennara og skólastjórnenda sem standa höllum fæti varðandi framboð á og stuðningi við starfsþróun. Jafnframt er mikilvægt að horfa til starfsþróunar þeirra sem ekki standa endilega höllum fæti, en geta haft áhrif í skólunum og verið leiðtogar þegar kemur að þróunarstarfi. Einnig þarf að skerpa á aðstæðum stjórnenda til starfsþróunar.

Leggja þarf áherslu á að auka samstarf um starfsþróun á milli skólastiga og skólagerða. Meira samstarf á milli skólastiga hvetur til aukinnar samvinnu um starfsþróun á milli kennara mismunandi skóla og skólagerða.

Skapa þarf jafnar aðstæður og möguleika kennara til starfsþróunar óháð skólastigi og skólagerð, búsetu og faggrein, námssviði og starfsreynslu, í starfi, innan og utan starfstíma skóla.

Leggja þarf áherslu á að þekking og reynsla reyndra kennara nýtist öðrum kennurum og í skólastarfinu. Skapa þarf reyndum kennurum aðstæður til starfsþróunar í samræmi við reynslu þeirra og hlutverk.

Leggja þarf áherslu á aukið samstarf á milli skólastiga og skólagerða um starfsþróun.

Nýliðar og leiðsagnarkennarar

Stuðningur við nýliða er veikur þáttur hérlendis miðað við önnur lönd. Það er aðkallandi að efla þátt leiðsagnar í menntun og starfsþróun kennara á öllum skólastigum.

Nýliðar í kennslu og skólastjórnun hafa mismunandi bakgrunn allt frá ungu fólki sem er að hefja sinn feril til reyndra kennara sem takast á við breytt námssvið og starfssvið í sínum skólum, skipta um vinnustað eða skólastig. Það er því mjög einstaklingsbundið hvers konar stuðningur kemur sér best fyrir nýliða og sveigjanleiki er mikilvægur. Þarfir nýliða verða þó alltaf aðrar en þeirra sem hafa lengri starfsreynslu.

Stuðningur við nýliða getur verið í ýmsu formi s.s. samvinna leiðsagnarkennara og nýliða, samstarf jafningjahóps og leiðsagnarkennara eða ráðgjafa og þátttaka nýliða í þróunarstarfi og öðru starfi í lærdómssamfélagi.

Ávinningur af því að styðja við nýliða felst m.a. í því að minnka brotthvarf ungra kennara úr starfi og efla fagmennsku í skólastarfi. Leiðsagnarkennarar, eða þeir sem veita nýliðum stuðning, þurfa að geta veitt uppbyggjandi leiðsögn í tengslum við kennslu. Þeir þurfa að þekkja sitt hlutverk og vera undirbúnir eða menntaðir til þess. Bent er á að HÍ og HA bjóða saman diplómanám um starfstengda leiðsögn og menntandi samskipti.

Leiðsagnarkennari er kennari í skóla sem veitir starfstengda leiðsögn, oftast nýliðum eða kennaranemum.
--

Ljóst er að þörf er fyrir starfsþróun sem snýr að starfstengdri leiðsögn á öllum skólastigum og skólagerðum. Þetta tengist líka mati og endurgjöf til kennara en til þess að geta sinnt slíkum störfum vel þurfa bæði stjórnendur og reyndir kennarar að kunna að veita góða starfstengda leiðsögn.

Viðurkenna þarf að þarna er nauðsynlegt verk sem þarf að sinna til að efla skólastarf. Nýliðinn þarf skilgreindan tíma í starfi vegna aðlögunar og leiðsagnarkennari til að sinna leiðsögn.

Veita þarf skólum markvissan stuðning til að skipuleggja leiðsögn við nýliða í starfi og við aðra starfandi kennara.

Skapa þarf nýliðum og leiðsagnarkennurum aðstæður í starfi til að fá leiðsögn og veita leiðsögn.

Bodðið verði áfram nám í starfstengdri leiðsögn fyrir þá sem sinna leiðsögn við kennaranema, nýliða og aðra starfandi kennara. Skapa þarf kennurum aðstæður til náms af þessu tagi samhliða starfi og utan starfstíma skóla.

Fagmennska kennara og skólastjórnenda

Mikilvægt er að kennarar hafi starfskenningu að leiðarljósi í starfi, viðhaldi henni og þrói og geti fært fagleg rök fyrir ákvörðunum um nám og kennslu. Það hvetur til starfsþróunar. Í þessu felst m.a. hin faglega ábyrgð kennara og fagmennska stéttarinnar.

Rannsóknir benda til þess að stöðug starfsþróun sem sprettur úr önn skólastarfsins þar sem fengist er við raunhæf viðfangsefni sem krefjast faglegrar úrlausnar til að bæta nám og kennslu sé árangursríkust. Oftar en ekki krefjast slík viðfangsefni markvissra faglegra samskipta kennara og skólastjórnenda á starfsvettvangi. Sameiginleg starfsþróun margra í sama skóla skilar meiru en þegar starfsþróun er eingöngu bundin við einstaklinga. Leiðsögn og ráðgjöf milli jafningja og fagfólks er mikilvægur þáttur í starfsþróun kennara og skólastjórnenda.

Í kennarastarfinu eru gerðar auknar kröfur um samvinnu, teymisvinnu og þróunarstarf til lengri tíma. Kennarar færast því sífellt nær því að vera samvirkir fagmenn sem bera sameiginlega ábyrgð á námi og kennslu og móta skólastarfið saman. Skólastarf þróast í ríkari mæli að lærdómssamfélagi sem gerir kröfur um sterka liðsheild og virka þátttöku allra í umbóta- og þróunarstarfi.

Lærdómssamfélag er hópur fagfólks sem deilir sameiginlegum áhuga og sýn á nám, vinnur saman, styður hvert annað og leitar sameiginlegra leiða til að greina starfshætti sína, bæta þá og innleiða nýja sem geta stuðlað að betri kennsluháttum og árangri nemenda. Árangursríkt lærdómssamfélag einkennist af menningu sem hvetur og viðheldur stöðugu námi starfsfólks í þeim tilgangi að styrkja kennsluhætti og nám nemenda.

Byggt á: Anna Kristín Sigurðardóttir. (2013). Fagmennska í skólastarfi. Skóli sem lærdómssamfélag. (ritstjórar Rúnar Sigþórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímansson), bls. 35-53. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Ígrundun í starfi er grundvallarþáttur í starfsþróun kennara, og þurfa kennarar tíma og rými til að ígrunda störf sín, greina þau og meta. Gera þarf kennaranema handgengna þeirri starfsaðferð að stunda ígrundun og starfendarannsóknir á vettvangi og gera þarf starfandi kennurum kleift að nota þessar aðferðir stöðugt í starfi.

Samkvæmt niðurstöðum TALIS rannsóknar OECD segja kennarar algengustu hindrunina fyrir starfsþróun að hún rekist á við kennslutíma. Þetta gefur til kynna að skipulagður tími til starfsþróunar í daglegu starfi sé of lítil, hann sé of niðurnegldur eða hann sé ekki í nógu góðu samræmi við þær tegundir starfsþróunarverkefna sem kennarar sækjast eftir. TALIS rannsóknin sýnir að þátttaka kennara í starfsþróun er meiri í löndum þar sem hærra hlutfall kennara sinnir starfsþróun í vinnutíma. Sömuleiðis segja skólastjórnendur hér á landi að vinnutíminn sé hindrun í vegi þeirra til starfsþróunar.

Viðfangsefni í starfsþróun kennara eru mismunandi eftir því hver á í hlut. Starfsreynsla og aðstæður eru mismunandi og starfsumhverfið, námsefni og aðbúnaður í skólum breytist hratt. Mikilvægt er að skapa vettvang til að ræða ólík sjónarmið og samræma eftir föngum þarfir einstakra kennara og skólastjórnenda og þarfir einstakra skóla, skólastiga/skólagerða, fræðsluumdæma og skólakerfisins í heild fyrir starfsþróun. Í þessu sambandi þarf að skýra betur tilgang og framkvæmd starfsþróunaráætlana og skyldur starfsmanna, skóla og rekstraraðila þar að lútandi.

Í ljósi þess hve skólastjórnendur skipta miklu máli þegar kemur að því að byggja upp skólamenningu þar sem m.a. stuðningur við nýliða er í öndvegi þarf að gera leiðsögn við nýliða skil í menntun þeirra.

Almennt fer mjög mikill tími skólastjórnenda í dæmigerð stjórnunar- og stjórnsýsluverkefni. Þetta kom fram í rýnihópaviðtölum við kennara og skólastjórnendur og í TALIS rannsókn OECD. Þetta hlutfall er hærra hér en í TALIS löndunum. Skólastjórnendur telja sig ennfremur vera vanbúna fyrir að takast á við stjórnsýslu, mannauðs- og rekstrarmál. Þörf skólastjórnenda fyrir menntun á sviði skólastjórnunar, kennslufræðilegrar forystu og stöðuga starfsþróun í starfi er brýn.

Kennurum verði skapaðar aðstæður til að starfa í anda lærdómssamfélags:

Kennurum verði skapaðar aðstæður í starfi til ígrundunar, starfendarannsókna og fjölbreytilegs faglegs samstarfs innan skóla og við aðra fagaðila utan skólans.

Kennurum verði skapaðar aðstæður og möguleikar til náms og starfsþróunar samhliða starfi og utan starfstíma skóla.

Kennarar geti sinnt starfsþróun í daglegum vinnutíma. Skipulagður tími þarfað vera fyrir starfsþróun í dagvinnustarfinu og kennarar þurfa að geta losað sig úr kennslu til að stunda starfsþróun samhliða starfi á starfstíma skóla.

Gert verði ráð fyrir fjárhagslegu svigrúmi skóla til að skipuleggja starfsþróun á vinnustað og leysa af kennara sem sækja starfsþróun í vinnutíma sínum.

Stefnt verði að auknum möguleikum kennara til að nýta launuð námsleyfi til starfsþróunar.

Efla þarf markvissa notkun starfsþróunaráætlana í skólum með nánu samstarfi þeirra sem málið varðar þar sem tekið er tillit til mismunandi þarfa kennara og skóla.

Formlegt nám í skólastjórnun, kennslufræðilegri forystu og starfstengdri leiðsögn verði ávallt aðgengilegt fyrir verðandi skólastjórnendur og þá sem eru í starfi.

Skólastjórnendur hafi aðstæður og möguleika til starfsþróunar í starfi, innan og utan starfstíma skóla og til að veita leiðsögn og kennslufræðilega forystu á starfsvettvangi.

Endurgjöf, hvati og umbun

Í starfsþróun kennara er nauðsynlegt að huga sérstaklega að endurgjöf til þeirra. Til þess að festa nýja þekkingu eða starfshætti í sessi þarf stuðning. Stuðningur í formi endurgjafar til kennara er ómetanlegur og getur riðið baggamuninn um hvort vel takist til með innleiðingu nýliða í starfið og starfsþróun kennara. Fagleg og reglubundin endurgjöf ýtir undir skólaþróun, hvetur kennara til ígrundunar um starfshætti og eflir sjálfstraust í starfi og eykur starfsánægju.

Endurgjöf tekur til hvers konar upplýsinga sem kennari fær um kennslu sína, sem byggja á einhvers konar skoðun á starfinu, t. d. með athugun á kennslu, umræðu um námsefni, kennsluáferðum og frammistöðu nemenda.

Í TALIS rannsóknum kemur fram að endurgjöf til kennara á Íslandi á unglíngastigi grunnskóla og á framhaldsskólastigi er með minnsta móti. Yfirleitt fá kennarar hér á landi sjaldnar endurgjöf frá skólastjórnendum eða aðilum utan skólans en kennarar í öðrum löndum TALIS.

Stutt er síðan að ytra mat á skólum þar sem kennsluhættir eru metnir fór að ryðja sér til rúms á grunnskólastigi hér á landi og eiga allir skólar nú að taka þátt í því. Áður var þó afmarkaðra ytra mat gert á skólum t.d. á vegum menntamálaráðuneytisins í lok síðustu aldar.

Í kjölfar ytra mats á kennsluháttum er veitt endurgjöf og er um leiðsagnarmat að ræða þar sem markmiðið er að bæta skólastarf.

Í samræðum starfshóps á vegum fagráðs við sérfræðinga um ytra mat kom í ljós að í grunnskólum þar sem mat á kennsluháttum hefur farið fram og endurgjöf veitt í kjölfarið hafi það haft jákvæð áhrif á kennslu.

Nýlega hefur verið komið á hliðstæðu mati á leikskólum og gert er á grunnskólum. Ytra mat á framhaldsskólum er í formi úttekta á einstökum skólum og felur ekki í sér mat á kennsluháttum.

Á öllum skólastigum og skólagerðum er mikil þörf fyrir meiri og markvissari endurgjöf til kennara. Formgera þarf betur endurgjöf og auka vægi jafningjamats. Mikilvægt er að skólastjórar veiti kennslufræðilega forystu í skólastarfinu. Einnig þarf að fylgja niðurstöðum innra og ytra mats og umbótaáætlunum eftir með markvissum hætti og veita skólum og kennurum leiðsögn, ráðgjöf og stuðning.

Framgangsmöguleikar kennara hér á landi á grundvelli starfsþróunar eru ekki fyrir hendi í núgildandi kjarasamningum. Samkvæmt TALIS rannsókn OECD er náíð samhengi á milli þátttöku kennara í starfsþróun og stuðnings við starfsþróun þeirra, en stuðningur er hvati til starfsþróunar. Hér er átt við fjárhagslegan stuðning, launaumbun og svigrúm og tíma til starfsþróunar í daglegu starfi og utan starfstíma skóla.

Lögð verði áhersla á að kennarar fái meiri og stöðugri stuðning og endurgjöf í starfi.

Skólastjórnendum og kennurum verði veitt fagleg ráðgjöf og stuðningur við að formgera endurgjöf í starfi sem starfsþróunaraðferð í skólum.

Skólum og kennurum verði veitt fagleg ráðgjöf og leiðsögn við innra mat sem aðferð við skólaþróun. Þeir fái jafnframt markvissan stuðning við að fylgja eftir niðurstöðum innra og ytra mats í umbóta- og þróunarstarfi.

Byggð verði upp markviss kennslufræðileg ráðgjöf við skóla og kennara.

Kennurum verði umbunað fyrir þátttöku í starfsþróun með markvissum hætti.

Háskólar, rannsóknir á skólastarfi og starfsþróun kennara

Hlutverk háskóla sem mennta kennara í starfsþróun kennara er ekki formlega skilgreint eða fjármunir til að sinna starfsþróun kennara og við skóla. Þátttaka háskóla í skólaþróun og starfsþróun kennara er ekki skilgreind sem þáttur í „þekkingarsköpun“ á svipaðan hátt og þátttaka í grunnrannsóknum eða hagnýtum rannsóknum háskólafólks. Áhugi er hjá háskólunum á því að auka og efla tengsl þeirra við starfsvettvang og gegna skilgreindu hlutverki í starfsþróun kennara. Háskólar sem mennta kennara þurfa að vera virkir þátttakendur í samstarfi og samræðum við vettvanginn, miðla rannsóknum og aðferðum við starfsþróun og bjóða upp á menntun og fræðslu. Afar mikilvægt er að skilgreina betur hlutverk háskóla í starfsþróun kennara og fjármuni fyrir háskóla til að sinna þessu mikilvæga hlutverki. Starfsþróun kennara á ekki að vera jaðarsvið háskólanna heldur eitt af meginverkefnum þeirra, og er það meðal lykiltríða í tillögum fagráðs um að skilgreina kennaramenntun sem heildstæða starfsævilanga menntun. Vinnumatkerfi háskóla þarf að stuðla að virkri þátttöku háskóla í starfsþróun kennara og skóla, og skapa þarf háskólakennurum sem sinna kennaramenntun aðstæður til eigin starfsþróunar á því sviði.

Rannsóknir eru mikilvægur þáttur í almennu skólastarfi. Kennarar þurfa að geta haft gagn af niðurstöðum rannsókna í starfi og stunda rannsóknir á vettvangi með skólaþróun að leiðarljósi. Því er mikilvægt að háskólar sem mennta kennara tengi starf sitt í ríkum mæli við vettvang.

Starfendarannsóknir eru mikilvægar í skólastarfi auk þess sem þær fela í sér það markmið að kennarar íhuga starf sitt og þrói til hagsbóta fyrir nám nemenda.

Kennurum verði skapaðar aðstæður til að stunda rannsóknir samhliða starfi í samvinnu við samstarfsfólk, skóla og háskóla.

Rannsóknir á skólastarfi verði virkur hluti af grunnmenntun kennaranema

Skilgreint verði hlutverk háskóla í því að vinna með skólum og kennurum að starfsþróun, rannsóknum og þróunarstarfi. Starf af þessum toga verði viðurkenndur þáttur í starfi háskólakennara á sama hátt og aðrar rannsóknir.

Skapa þarf háskólakennurum aðstæður til að sérhæfa sig í menntun og starfsþróun kennara.

Upplýsingaveita um starfsþróun

Upplýsingaveita um starfsþróun var formlega tekin í notkun í mars 2015. Hún er hugsuð fyrir kennara, ráðgjafa og skólastjórnendur og fræðsluaðila sem bjóða upp á starfsþróun fyrir starfsfólk skóla.

Upplýsingaveitan er því vettvangur til að leita að fræðslu en einnig til að auglýsa hana og kynna. Markmið upplýsingaveitu er tvíþætt: að miðla og að veita yfirsýn. Vonast er til að sem flest fræðslutilboð sem ætlað er að stuðla að starfsþróun umræddra starfsstétta verði birt á upplýsingaveitunni. Það gerir þau aðgengileg fyrir væntanlega þátttakendur en færir einnig fagráði, fræðsluaðilum og öðrum mikilvægar upplýsingar um hvað er í boði á hverjum tíma og á hvaða sviðum skortir framboð.

Greindar verði þarfir fyrir upplýsingaveitu um starfsþróun og hvað slík upplýsingaveita þurfi að innihalda.

Haldið verði áfram tæknilegri þróun upplýsingaveitunnar svo að hún uppfylli þau markmið sem sett eru með henni.

LISTI YFIR FYLGISKJÖL

1. Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara
2. Fulltrúar í fagráðinu og aðilar sem tilnefna þá
3. Forsagan
4. Vinna fagráðs og viðburðir á vegum þess
5. Greinargerð vinnuhóps um *Future Teachers - A Profession at Crossroads*
6. Starfsþróun kennara – Greining á sjóðaumhverfi
7. Greinargerð vinnuhóps um fjármál og sjóði
8. Greinargerð vinnuhóps um þarfir fyrir starfsþróun
9. Greinargerð vinnuhóps um kennaramenntun og stoðkerfi
10. Fundargerð frá fundi um starfendarannsóknir
11. Fundargerð frá fundi um nýliða í kennslu og starfstengda leiðsögn